Kommúnistar kveða upp yfir sér pólitískan útlegðardóm og megin-viðfangsefni foringjanna er að koma sér undan því að þurfa að takast á við þjóðar-vandann

uppbótakerfi ríkiskommissariata á undanförnum árum; Kúba. Máltækið „lík börn leika best" á við um efnahagsmál eins og annað. Kúbumenn komust fljótt á snoðir um, hversu erfitt var að halda uppi viðskiptum við vestræn lönd, sem byggðu á allt öðrum lögmálum efnahagslífs og á aðeins þremur árum neyddust Kúbumenn til þess að snúa sér með viðskipti sín til þeirra landa, sem við svipað efnahagskerfi bjuggu — austantjaldslanda.

Alveg laust við alla útreikninga og deilur um þá máttu Alþýðubandalagsmenn vita, að hvorki Alþýðuflokkur né Framsóknarflokkur höfðu hug á að styðja að því, að slíkt efnahagskerfi yrði upp tekið á Íslandi, sem ekki aðeins er óraunhæft heldur skeri óhjákvæmilega á eðlileg viðskipti milli Íslands og vestrænna viðskiptaþjóða þess. Hvorugur flokkurinn kærði sig um, að Ísland yrði ný Kúba. Vitandi vits rufu Alþýðubandalagsmenn því vinstri viðræðurnar með tillögum sínum þar um.

Vilja vera utan stjórnar

Af framansögðu er ljóst, að eftir því sem á viðræðurnar leið kom sífellt betur í ljós, að Alþýðubandalagið vildi umfram allt vera utan stjórnar.

En hvers vegna vill Alþýðubandalagið ekki í stjórn? M.a. af eftirfarandi ástæðum:

1. Sagan segir okkur, að kommúnistar hafa aldrei fengist til starfa í ríkisstjórn nema við þær sérstöku aðstæður að allir sjóðir væru fullir og mikill uppgangur í efnahagsmálum. Við þannig aðstæður fóru þeir í „nýsköpunarstjórn" eftir stríð. Við þannig aðstæður fór þeir í vinstri stjórn Hermanns Jónassonar 1956 og við þannig aðstæður fóru þeir í vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar 1971.

M.ö.o.: Til þess að kommúnistar fáist til þess að fara í ríkisstjórn þurfa að vera einstakir góðæristímar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þá má gera ráð fyrir, að þeir endist tvö til þrjú ár í stjórnarsamstarfi og fer það eftir því, hversu einstakt góðærið er. Undir öllum öðrum kringumstæðum má ganga út frá því sem gefnu, að kommúnistar séu krónískur stjórnarandstöðuflokkur.

2. Því meiri sem efnahagserfiðleikar þjóðarinnar kunna að vera þeim mun meiri óánægja má gera ráð fyrir að sé meðal þjóðarinnar. Þeim mun meiri óánægja, sem liggur í landi, þeim mun meiri fylgisöflunarmöguleika má gera ráð fyrir, að kommúnistar eigi. Þeim mun meira fylgi, sem þeir fá, þeim mun meiri krafa er til þeirra gerð um stjórnarábyrgð. Þeim mun meiri krafa, sem gerð er til kommúnista um stjórnarábyrgð, þeim mun meiri þörf hlýtur að vera fyrir þá í ríkisstjórn. Þeim mun meiri þörf, sem látin er í ljós fyrir aðild kommúnista að ríkisstjórn, þeim mun minni líkur eru á, að þeir gefi á því kost, því þeim mun meiri hætta er á, að óánægjuöflin finni sér annan farveg.

M.ö.o.: Alþýðubandalagið hefur þá sérstöðu meðal íslenskra stjórnmálaflokka, að þeim mun meiri þörf, sem landsmenn láta í ljós, að þeir hafi fyrir það, þeim mun minni líkur eru á, að flokkurinn verði við áskoruninni.

3. Alþýðubandalagið safnar atkvæðum af svipuðu kappi og aurasál peningum. Það skiptir litlu máli hvaðan myntin er, hver hún er, hvaðan hún kemur, hvert er hennar verðmæti — jafnvel ekki hvort hún sé gild. Enda er tilgangurinn aldrei sá að nota hana — heldur bara að eiga hana. Alþýðubandalagið notar ekki atkvæðin sín frekar en nirfillinn aurana.

Enda er ekki auðhlaupið að því. Alþýðubandalagið, glatkista mótmælanna, getur yfirleitt ekki markað, hvorki eitt né annað í samvinnu við aðra, neina þá stjórnarstefnu, sem gerir það að verkum að það geti haldið „öllum aurunum". Aðeins í undantekningartilvikum þegar eitt einstakt mál er svo yfirþyrmandi stórt að það skyggir á öll önnur og getur nýtst Alþýðubandalaginu sem afsökun — viðbára um „algjöran forgang" — gagnvart fylgi tíndu upp úr tíu pokum, er Alþýðubandalagið fært um að fara í ríkisstjórn. Þannig nýttist landhelgismálið Alþýðubandalaginu tvívegis sem afsökun gagnvart „tíupokafylginu" fyrir ríkisstjórnaraðild. Nú er landhelgisstríðið unnið — og ekki meira hægt að færa út. Þar til þjóðþrifamál af slíkri stærðargráðu fyrirfinnst hefur Alþýðubandalagið enga afsökun gagnvart „tíupokafylginu" sínu — og fer ekki í stjórn.

Með auðum atkvæðum og ógildum

Alþýðubandalagið hefur því farið í pólitískt orlof. Það hefur tekið þá ákvörðun að vera „stikkfrí" í bili. Sem sakir standa eru aðeins þrír alvörustjórnmálaflokkar á Íslandi — og svo einn, sem veitir atkvæðum viðtöku einn sunnudag fjórða hvert ár milli klukkan 9 fyrir hádegi og 11 eftir hádegi, skemur í sveitum. Er fólk vinsamlega beðið að ónáða ekki flokkinn á öðrum tímum.

Íslenskir kjósendur, sem af einhverjum ástæðum finna ekkert við sitt hæfi hjá stjórnmálaflokkunum, eða hafa ekki áhuga á stjórnmálum eiga því þriggja kosta völ hér eftir í stað tveggja áður:

1. að sitja heima á kjördag.
2. að skila auðu
3. að kjósa Alþýðubandalagið.

Í samræmi við þetta þyrfti að telja atkvæði greidd Alþýðubandalaginú með auðum atkvæðum og ógildum. A.m.k. horfast þær þúsundir, sem greiddu bandalaginu atkvæði í síðustu kosningum, nú í augu við það, að alveg eins hefði mátt spara sér ómakið með því að sitja heima. Atkvæðin greidd Alþýðubandalaginu eru nákvæmlega jafn áhrifalaus og auð atkvæði og ógild svo lengi sem Alþýðubandalagið unir sér í sinni sjálfkjörnu pólitísku útlegð. Tíupokaatkvæðin eru sjálfsagt hæstánægð. En hvað um hina?

Sýning Steingríms Eyfjörð og Friðriks Friðrikssonar

Það má með réttu segja, að varla hafi þeir félagar **Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson** og **Friðrik Þór Friðriksson** lokað dyrum sýningar sinnar í Gallerí Suðurgötu 7, fyrr en þeir eru komnir aftur á stúfana. Í þetta sinn troða þeir upp að Kjarvalsstöðum þar sem þeir deila Vestursal til helminga á móti Margréti Reykdal — en skilrúm á milli. Manni dettur helst í hug að þeim félögum liggi fjarska mikið nýstárlegt á hjarta er þeir megi til með að opinbera — eða þá að þeir eru að „safna" sýningum í einhverjum ákveðnum tilgangi. Ef svo heldur fram sem horfir geta þeir verið búnir að troða upp í öllum sýningarsölum borgarinnar og jafnvel nágrannabyggðum áður en árið er úti og það með léttum leik!

Vinnubrögð þau, er þeir viðhafa, gefa undirrituðum ekki til kynna að hér sé um hnitmiðuð og alvarleg átök við efniviðinn að ræða auk þess sem sýningin nýtur sín illa að Kjarvalsstöðum. Ekki varð ég var við neitt nýtt né frumlegt á þessari sýningu sem ég hef ekki séð áður í listtímaritum, Galerie SÚM eða að Suðurgötu 7. Helzt detta mér í hug útþynntar hugmyndir sem gengið hafa yfir Evrópu síðustu árin — heimspekilegar vangaveltur í bland ásamt óvæntum hugdettum, — en hér oftast án upplifunar og djúprar hugsunar. Mér þykir það með sanni miklu frumlegra þegar sonur minn lítill er að drasla gömlum og lúðum spýtum inn í húsið okkar. Það er þó upplifað og ekkert á bakvið annað en barnsleg hrifning og framtaksákefð.



Á loftandaveiðum

Dregið saman í hnotskurn finnst mér viðleitni Steingríms og Friðriks bera keim af alvörulausum leik — hér vantar hnitmiðuð vinnubrögð og upplifað sprell og spé er hrífur áhorfandann og grípur. Mikið þykir mér annars Steingrímur hafa vikið langt út af þeirri vænlegu braut er hann virtist vera að hazla sér völl á — sem einkenndist af vönduðum vinnubrögðum, hugkvæmni og upplifun þótt áhrif annars listamanns gætti þar (Piet Holstein).

Sýningarskrá er engin en skýringartextar hanga uppi við hlið sumra myndanna — ósjaldan líkast heimspekilegum ljóðum og ekki endilega í fullu samhengi við „listaverkin". Hér væri bókarformið sennilega vænlegri tjáningarmiðill.

Væri annars ekki verðugra verkefni fyrir Kjarvalsstaði að vera með gott úrval úr borgarlistasafninu yfir hásumarið í Vestursal og af Kjarval í Austursal og beina straum útlendinga þangað? Það eru engin fordæmi í Evrópu fyrir sýningum í síbylju allt árið svo sem ég hefi oft drepið á áður og gagnrýnendur eiga að eyða tímanum í allt aðra og mikilvægari hluti en smásýningar. Um alla Evrópu eru á þessum tíma stórsýningar sem undantekning er að fréttist af hingað heim en hafa ómælt gildi fyrir listþróunina.

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Bragi Ásgeirsson.

Sýning Margrétar Reykdal

Margrét Reykdal er ein af tiltölulega fáum Íslendingum er stundað hafa listnám í Osló auk þess sem hún hefur numið og tekið prófgráðu í listasögu við Oslóarháskóla og í „Forming" í Statens Lærerskole. Ekki er undirrituðum kunnugt um af hvaða gráðu próf þessi eru né hvaða réttindi þau gefa en samanlagt virðist þetta býsna viðamikið og langt nám. Mætti þó álykta að hér bætist okkur allt í senn málari, listfræðingur og myndíðakennari, sem er í hæsta máta óvenjulegt.

Margrét hélt sína fyrstu sýningu hér heima árið 1974 og þá að Hamragörðum, auk þess sem hún hefur tekið þátt í sýningum í Osló, Stavanger og átt myndir á haustsýningu FÍM.

Nú hefur Margrét opnað sýningu að Kjarvalsstöðum þar sem hún sýnir 29 málverk og 10 vatnslitamyndir og stendur sýningin yfir til sunnudagsins 6. ágúst. — Það er greinileg og sterk norsk áhrif í þessum myndum sem er skiljanlegt eftir svona langa dvöl í Noregi, enda eru fyrirmyndir a.m.k. nokkurra mynda hennar beinlínis sóttar í norskt landslag — en aðrar virðast vera hugmyndir og hughrif frá landslagi og fæ ég ekki greint hvort um er að ræða norskt eða íslenzkt svið því að svo keimlíkar eru myndirnar í lit og útfærslu.



Margrét Reykdal við eitt verka sinna að Kjarvalsstöðum.

Það er dálítið þunglamalegur svipur yfir þessari sýningu og jafnframt er um nokkra einhæfni að ræða og jafnvel svo að manni dettur helzt í hug að listakonan sé óþarflega feimin við átök við efniviðinn. Dæmi um sterk norsk áhrif finnum við í mynd nr. 6. „Nótt í Lofoten" — auk litaskala ýmissa hughrifamynda. Dæmi um vel heppnaðar slíkar myndir vil ég nefna nr. 9, „Landslag" svo og nr. 12, „Landslag", sem báðar búa yfir maleríska kennd og sérkennilegri birtu. Vatnslitamyndir Margrétar eru ólíkar málverkunum en einnig einhæfar í útfærslu. Hér fannst mér listakonan ná sér bezt upp í myndum nr. 32, „Samspil" og 33, „Rauðaleikur".

Af þessari sýningu verður naumast spáð um framtíð Margrétar á listabrautinni þótt hún hafi greinilega ýmislegt til brunns að bera. En ég verð að viðurkenna að einhæfni Margrétar og hik eru mér hér ráðgáta með hliðsjón af jafn löngu listnámi. Þetta kann að hafa sínar eðlilegu skýringar t.d. að hún hafi numið of lengi hjá sama prófessornum við listaháskólann eða hinn sérstæði námsferill hafi ruglað hana í ríminu. En hvað úr Margréti verður sker framtíðin úr og því er að bíða næstu sýninga og athafna á listasviði. Sýningarskrá er lítil og látlaus og hæfir e.t.v. hógværð sýningarinnar en hér er sá galli að ártöl vantar og ætti slíkt alls ekki að koma fyrir hjá jafn skólaðri listakonu.

Bragi Ásgeirsson.